



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
Hans Hátignar Carls XVI Gustafs
Stokkhólmi
24. nóvember 1998

Yðar hátign Carl Gustaf
Yðar hátign Silvia drottning
Konunglega fjölskylda
Virðulegir gestir

Ég þakka yðar hátign hlý orð og vináttu í minn garð, fjölskyldu minnar og Íslendinga allra.

Sú virðing sem þér sýnduð Guðrúnu Katrínu með komu yðar til útfarar hennar snart viðkvæma strengi í brjóstum þjóðarinnar og verður ætíð varðveitt í hugum okkar.

Við Guðrún Katrín nutum ríkulega samverustunda með yðar hátign og Silvíu drottningu þegar þjóðhöfðingjar Norðurlanda fögnuðu því í Kalmar að 600 árum áður höfðu heimkynni norrænna frændþjóða orðið ein heild.

Bræðralag okkar á sér svo djúpar rætur að saga einnar norrænnar þjóðar verður ekki skilin til hlítar án tilvísana til hinna. Það var sænskur maður, Garðar Svavarsson, sem sigldi til Íslands áður en fyrsti landsnámsmaðurinn, Ingólfur Arnarson, festi þar búsetu. Segir svo í Landnámu, frumbók íslenskrar byggðar:

„Hann fór að leita Snælands að tilvísan móður sinnar framsýnnar.
Hann kom að landi fyrir austan Horn hið eystra; þar var þá höfn.

Garðar sigldi umhverfis landið og vissi, að það var eyland. Hann var um veturinn norður í Húsavík á Skjálfanda og gerði þar hús.“

Þessi knappi texti segir mikla sögu um tengsl Íslands og Svíþjóðar á árdögum Íslandsbyggðar. Hann lýsir kunnáttu sænsks landkönnuðar sem reisti fyrsta hús eyjunnar og minnir okkur á að snemma fórum við norrænir synir að hlýða mæðrum okkar vitrum og framsýnum.

Í annarri höfuðbók íslenskra fornrita, Eddu Snorra, er sjálf Gylfaginning kennd við konung Svíþjóðar sem „var maður vitur og fjölkunnugur; hann undraðist það mjög er ásafólk var svo kunnugt, að allir hlutir gengu að vilja þeirra“. Í frásögn hins íslenska skálds verður sænskur konungur leiðsögumaður um heim guðanna.

Landnámabók og Edda eru meðal hornsteina íslenskrar menningar, tungumáls og sjálfsvitundar sem í fyllingu tímans færðu okkur sjálfstæði; í ritunum skipar Svíþjóð öndvegissess. Rætur vináttu okkar, sameiginlegrar sögu og menningar geta vart verið dýpri.

Frá landnámstíð og þjóðveldistímum til þeirrar aldar sem senn er á enda hafa þjóðir okkar varðveitt þá samkennd sem æðri er hagsmunum og hagrænum ávinningi sem mjög er nú tíðkað að gera að æðsta mælikvarða í samskiptum þjóða.

Við Íslendingar metum mikils að æskufólk okkar hefur í áratugi sótt menntun og þjálfun til sænskra skóla og þeir Íslendingar sem hér kjósa að búa um langa hríð eða skamma hafa ávallt verið sérstaklega velkomnir.

Um þessar mundir eru sænskar forystustöður á sviðum mannréttinda og menningar á höndum Íslendinga og fjölmörgum löndum mínum hefur verið falinn trúnaður í sænskum háskólum og heilbrigðisstofnunum. Nýjasta framlag okkar til sænsks þjóðlífs er svo að íslenskt atgervisfólk í knattspyrnu og frjálsum íþróttum æfir hér nú og keppir.

Þrátt fyrir breytingar á heimsmyndinni hefur norræn samvinna haldist efnisrík og sterk. Að mörgu leiti er hún mikilvægari en áður. Ný viðhorf og samstarfsform hafa fært öryggismálin inn á norræn viðræðuborð og stofnun þriggja svæðasamtaka í Norður Evrópu hefur fengið Norðurlöndum í hendur nýtt forystuhlutverk.

Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurheimskautsráðið eru myndbirting þess hvernig hin nýja heimsmynd hefur breytt stöðu Norðurlanda. Innan allra þessara svæðasamtaka eru Norðurlönd í lykilhlutverki og hafa afgerandi áhrif á þróun efnahags, umhverfis, mannréttinda, stjórnarfars og öryggis í heimshluta sem nær frá Rússlandi um Eystrasalt og Norðurlönd yfir til Ameríku.

Það er áriðandi að norrænar frændþjóðir flytji hefðir vináttu og farsælla lausna á þennan nýja vettvang.

Við Íslendingar fögnum þeim áhuga og áherslum sem Svíar sýna í þessum efnum og metum mikils þá rækt sem Svíar leggja áfram við norræna samvinnu þótt aðild Svíþjóðar að Evrópusambandinu feli óhjákvæmilega í sér nýjar skyldur.

Þátttaka Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu hefur sýnt okkur að innan Evrópusambandsins kappkostar Svíþjóð að vernda hagsmuni allra norrænna frændþjóða. Norræna vegabréfasambandið er sönnun þess að sú varðstaða innan Evrópusambandsins snýst ekki aðeins um efnahag og viðskipti.

Yðar hátign, virðulegir gestir.

Saga okkar og menning eru greinar af sama ættarmeði. Við upphaf nýrrar aldar erum við tengd svo traustum böndum að næsta einstakt er í veröldinni. Þér hafið, yðar hátign, nýlega sýnt okkur Íslendingum að strengir vináttu og samhugar hljóma ekki aðeins á stundum gleði heldur einnig á tímum sorgar.

Með virðingu og þökk lyfti ég glasi mínu til heilla yðar hátign, Carl Gústaf konungur Svíþjóðar, og yðar hátign, Silvía drottning, hinni konunglegu fjölskyldu og til heilla sænskri þjóð um leið; ég bið gesti að rísa á fætur og láta hljóm aldanna og tónslátt framtíðarinnar klingja í skálaglösum.